

VATNAKERFI BLÖNDU 1996

Göngufiskur og veiði

Sigurður Guðjónsson

Ingi Rúnar Jónsson

Maí 1997

VMSTR/97015X

Unnið fyrir Landsvirkjun

X: Má ekki vitna til án leyfis höfunda

EFNISYFIRLIT

Inngangur	1
Framkvæmd.....	2
Niðurstöður og umræða	3
Þakkarorð	4
Heimildir.....	4
Töflur.....	6
Myndir.....	11

INNGANGUR

Blanda í A-Húnavatnssýslu á upptök sín í Hofsjökli og fellur um 125 km langa leið til sjávar við Blönduós. Heildarvatnasvið hennar miðað við ós hennar er 2370 km², en af því eru jökull 183 km² (Sigurjón Rist 1980). Blanda fellur frá Hofsjökli um Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði, niður í Blöndudal og síðan Langadal til sjávar (1. mynd). Vegna virkjunar Blöndu var byggð stífla í farvegi hennar við Reftjarnarbungu sem myndar uppistöðulón (Blöndulón) á Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði. Tilkoma Blöndulóns hefur um margt breytt rennslisháttum Blöndu neðan þess og því umhverfi sem fiskstofnum þar er búið. Blöndulón var stækkað síðastliðið sumar og er nú um 57 km² við hæstu vatnsstöðu. Stækkun Blöndulóns kemur til með að hafa áhrif á rennslishætti, svifaur og hitafar Blöndu og þar með á umhverfi fiskstofna. Mikilvægt er að fylgst sé með þessum breytingum.

Margar þverár falla í Blöndu á leið hennar og er Svartá þeirra stærst. Svartá fellur um Svartárdal og kemur í Blöndu 27 km frá sjó, á mótum Blöndudals og Langadals (1. mynd). Svartá er hrein dragá og er vatnasvið hennar 480 km². Vatnasvið Blöndu framan við ármót Svartár er 1728 km².

Blanda var áður fær göngufiski allt frá ósi, en þó voru Ennisflúðir neðarlega í ánni mikil gönguhindrun. Fiskvegur var fyrst byggður í flúðunum 1939 og núverandi fiskvegur 1965, en hann auðveldaði mjög för göngufisks upp ána. Með tilkomu stíflu í Blöndu vegna miðlunarlóns er leið fisks fram á heiðar lokað (Sigurður Guðjónsson 1991). Mikilvægasta fisktegund vatnasviðsins neðan miðlunarlóns er lax, en einnig finnst mikið af bleikju í vatnakerfinu og urriði er einnig í talsverðu magni.

Margvíslegar rannsóknir hafa verið stundaðar á lífríki vatnakerfis Blöndu allt frá árinu 1981. Í þessari skýrslu er einungis fjallað um fiskgengd og veiði í Svartá og Blöndu neðan miðlunarlóns sumarið 1996. Rannsóknirnar eru kostaðar af Landsvirkjun. Leitað var að merktum fiski og hreistri safnað í veiðinni í Svartá og Blöndu, en auk þess voru tölur um afla unnar úr veiðibókum. Um árábil var allur fiskur sem fór um fiskveg í Ennisflúðum skoðaður og merktur. Sumarið 1996 var þriðja sumarið þar sem þetta var ekki gert, en í stað þess notast við tvo sjálfvirka fiskteljara sem komið hefur verið fyrir í fiskveginum. Teljarar þessir hafa verið í þróun síðustu ár (Sigurður Guðjónsson og Hólmgeir Guðmundsson 1994). Hér verður einnig gerð grein fyrir endurheimtum úr seiðasleppingum í vatnakerfið á síðustu árum.

Seiðaathuganir (Ingi Rúnar Jónsson og Sigurður Guðjónsson 1996), eru teknar fyrir í öðrum skýrslum.

FRAMKVÆMD

Hreistri var safnað stangveiddum laxi í vatnakerfinu til aldursgreininga, mest í Svartá. Einnig var leitað að merktum fiski í veiðinni. Allar upplýsingar um stangveiddan fisk, s.s. heildarlaxveiði, hlutfall hænga og hrygna, stærð og skipting veiðinnar í smálax og stórlax, voru unnar upp úr veiðibókum fyrir Svartá og Blöndu.

Tveir fiskteljarar voru starfræktir í fiskvegi í Blöndu við Ennisflúðir, á svipuðum stað og áður var kista/gildra sem fiskur var merktur úr á árunum 1982 til 1993 (Friðjón Már Viðarsson og Sigurður Guðjónsson 1994). Teljararnir skrá stærð göngufisks og göngutíma, en út frá stærðinni er fisktegundin fundin, auk skiptingarinnar í smálax (1 ár í sjó) og stórlax (2 ár í sjó). Nokkrum sinnum yfir sumarið voru upplýsingar um göngufisk tæmdar úr safntölvum teljaranna, en teljararnir voru starfræktir frá 25. maí til 26. september. Eftirlitsmaður leit með teljurunum og mældi sjóndýpi (rýni) daglega.

Áætlað er að 20 % göngufisks fari um flúðir framhjá fiskvegi/teljara. Það er nærri meðaltali áranna 1992 og 1993, en þá er virkjun Blöndu lokið og fyrir liggja gögn um hlutfall merktra (ganga upp stiga) og ómerktra (ganga upp flúðir) fiska ofan flúða (Friðjón Már Viðarsson og Sigurður Guðjónsson 1993 og 1994).

Heildarlaxaganga í vatnakerfið er fundin með því að leggja saman fjöldatölur úr teljara, að viðbættum þeim fiski sem reiknað er með að fari um flúðir utan teljara (20 %), og þess sem veiðist í Blöndu neðan teljara. Niðurstöður úr hreisturlestri eru notaðar til að áætla náttúrulegan hluta göngunnar og aldurssamsetningu hennar.

NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA

Heildarstangveiði á laxi í Blöndu og Svartá voru 844 fiskar, sem er minni veiði en á síðasta ári (Sigurður Guðjónsson og Ingi Rúnar Jónsson 1996). Veiðin í Svartá var minni en síðustu ár (244 laxar) en meiri í Blöndu, bæði neðan Ennisflúða (454 laxar) og í Langadal (133 laxar). Laxveiði (13 laxar) var einnig að þessu sinni í Blöndu í Blöndudal (Tafla 1).

Meiri silungsveiði var í vatnakerfinu en um árabíl. 860 bleikjur og 502 urriðar skráðir í veiði í vatnakerfinu. Veiði var tekin upp í Blöndugili og skilaði nokkurri veiði, en einnig var silungsveiði góð í Blöndu og í Svartá (Tafla 2). Mest af urriðanum er staðbundinn, þ.e. fiskur sem ekki gengur í sjó, en hins vegar er hluti bleikjuveiðinnar sjóbleikja.

Fiski sem gekk um teljara í Ennisflúðum var skipt í bleikju, smálax og stórlax eftir stærð hans og eru mörkin um 47 og 71 sm (2. mynd). Eftir þessari skiptingu reyndist gangan um teljarann samanstanda af 613 bleikjum og 834 löxum (465 smálaxar og 369 stórlaxar). Meira var af bleikju á ferð en síðustu ár, en minna af laxi (Töflur 1 og 3). Stórlaxinn gekk aðallega í lok júní og fyrri hluta júlí, en stærstu göngurnar af smálaxinum kom eftir fyrstu vikuna í júlí og fram yfir mánaðarmótin júlí/ágúst (3., 4. og 5. mynd). Göngutími bleikjunnar var ekki ósvipaður göngutíma smálaxins (3., 4. og 5. mynd). Stærstur hluti bleikju er á göngu seinni part dags og á kvöldin, en lax var jafndreifðari eftir tíma sólarhrings (6. mynd).

Samkvæmt hreisturrannsókn dvaldi stærsti hluti laxins sem veiddist í Blöndu þrjá vetur í ánni fyrir sjógöngu (Tafla 4), en í Svartá hafði meiri hluti hans dvalið fjögur ár í ánni (Tafla 5). Laxar sem hrygnt höfðu áður fundust ekki, en auk þess voru 11 laxar af eldisuppruna. Séu niðurstöður hreisturrannsóknar uppreiknaðar fyrir heildargönguna í vatnakerfið, hafa 69 laxar af eldisuppruna (sleppingar og villur í vatnakerfið) gengið í kerfið sumarið 1996. Þegar niðurstöður hreisturlestur úr öllu vatnakerfinu eru sameinaðar sést að tæp 40 % laxins höfðu dvalið þrjá vetur í ánni fyrir fyrstu sjógöngu, um 54 % fjóra vetur, en lítill hluti tvö eða fimm ár (Töflur 6 og 7). Þegar heildaraldur þessara fiska er athugaður sést að stærsti hluti þeirra eru klakárgangar seiða frá 1990, 1991 og 1992 (Tafla 9).

Lítið rennsli var í Blöndu sumarið 1996. Stafaði það af því að miðlunarlóni virkjunarinnar var haldið í lágri vatnsstöðu um vorið vegna hækkunar á stíflu og um sumarið var safnað vatni í

hærri vatnsstöðu en áður. Þetta hafði áhrif á göngur laxa upp fyrir Ennisflúðir. Vandræðaástand skapaðist við laxastiga vegna lágrennslis og fiskur gekk seinna upp stigann af þessum sökum. Þetta skýrir að hluta aukin hlut Blöndu neðan flúða í heildarveiðinni. Lagt var til í haust að farið yrði í framkvæmdir ofan og neðan við stigann til að tryggja greiða leið fiskjar um stigann í lágrennsli. Nú í vor var farið í þær framkvæmdir og ættu því ekki að skapast vandræði af í framtíðinni.

Í Blöndu neðan Ennisflúða var veiðin mest í júní, en seinna í Blöndu í Langadal og í Svartá (7. mynd). Mest veiddist af stórlaxi í Blöndu neðan Ennisflúða, en minnst í Svartá (8. og 9. mynd, Töflur 9 til 11). Ef kynjaskipting veiðinnar samkvæmt veiðibókum er uppreiknuð fyrir heildargönguna, þar sem fjöldi smálaxa og stórlaxa er fundinn með gögnum úr teljara og veiði neðan flúða, sést að um 82 % smálaxins eru hængar og um 27 % stórlaxins (Tafla 12).

Í Blöndu veiddust þrír örmerktir laxar og fimm í Svartá og var einn þeirra merkislaus. Reyndust laxarnir vera úr sleppingum í vatnakerfið og villur frá öðrum sleppistöðum (Tafla 14).

Sjónkýpi Blöndu var yfir 140 sm mest allt sumarið en dró úr því um haustið (10. mynd). Það hvað áin var tær lengi stafaði af litlu rennsli í Blöndu meðan á lónfyllingu stóð.

ÞAKKARORÐ

Þorsteinn Hafþórsson hafði daglegt eftirlit með fiskteljurum, auk þess að annast hreistursöfnun og merkjaleit á veiðisvæði I í Blöndu (neðan Ennisflúða). Jakob Sigurjónsson safnaði hreistri af stangveiddum laxi og leitaði merkja í Svartá. Guðni Guðbergsson aðstoðaði við úrvinnslu gagna úr veiðiskýrslum. Þessum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir.

HEIMILDIR

Friðjón Már Viðarsson og Sigurður Guðjónsson 1993. Rannsóknir á göngufiski í vatnakerfi Blöndu 1992. Veiðimálastofnun. VMSTR/93004X.

Friðjón Már Viðarsson og Sigurður Guðjónsson 1994. Rannsóknir á göngufiski í vatnakerfi Blöndu 1993. Veiðimálastofnun. VMSTR/94009X.

Ingi Rúnar Jónsson og Sigurður Guðjónsson 1996. Vatnakerfi Blöndu 1996. Seiðabúskapur og hitamælingar. Veiðimálastofnun. VMSTR/96001.

Sigurður Guðjónsson 1991. Ár á Blönduheiðum - Rannsóknir á fiskstofnum og fiskræktarmöguleikum - Samantekt rannsókna 1981-1990. Veiðimálastofnun. VMSTR/91006X.

Sigurður Guðjónsson og Hólmgeir Guðmundsson 1994. Development and testing of a new light gate fish counter in rivers. ICES. C.M. 1994. M:14.

Sigurður Guðjónsson og Ingi Rúnar Jónsson 1996. Vatnakerfi Blöndu 1996. Göngufiskur og veiði. Veiðimálastofnun. VMSTR/96006X.

Sigurjón Rist 1990. Vatns er þörf. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.

Tafla 1. Fjöldi stangveiddra laxa, reiknuð stærð gangna og veiðialag í vatnakerfi Blöndu 1982-1995.

Veiði	Göngur	Veiðialag	Ar														
			1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Veiði			Í Blöndu meðan flúða														
			Í Blöndu í Langadal														
			Í Svartá allri														
			Í Svartá ofan við teljara														
			Í Blöndu í Blöndudal og Blöndugili														
			Heildarveiði														
			Ganga í teljara við Ennisflúðir														
			Hlutfall (%) ómerkt í veiði ofan flúða														
			Reiknuð heildarganga upp fyrir flúðir														
			Ganga um flúðir utan teljara														
Göngur			Ganga um Svartáreljara														
			Reiknuð heildarlaxaganga í vatnakerfið														
			Reiknuð náttúruleg heildarlaxaganga í vatnakerfið														
			Veiðialag í Svartá ofan við teljara (1984 og 1985)														
			Veiðialag í Svartá ofan við teljara (1984 og 1985)														
			Veiðialag í Blöndu meðan Ennisflúða (af heildarstofni)														
			Veiðialag í Blöndu í Langadal (af heildarstofni)														
			Veiðialag í Svartá (af heildarstofni)														
			Veiðialag í vatnakerfinu (af heildarstofni)														

Tafla 2. Fjöldi stangveiddrar bleikju og urriða í Blöndu og Svartá sumarið 1995.

Veðisvæði	Bleikja	Urriði
Blanda neðan Ennisflúða (I)	6	3
Blanda í Langadal (II)	182	184
Blanda í Blöndudal (III)	182	150
Blanda í Blöndugili (IV)	45	12
Blanda samtals	415	349
Svartá - laxasvæði	253	121
Svartá - silungasvæði	192	32
Svartá samtals	445	153
Vatnakerfið samtals	860	502

Tafla 3. Fjöldi bleikju sem gekk í kistu/teljar í Ennisflúðum og reiknuð stærð fiskgöngu í vatnakerfi Blöndu 1982-1995.

	Ár														
	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Ganga í teljara við Ennisflúðir	436	308	519	722	764	684	850	642	588	475	641	474	278	315	613
Hlutfall (%) ómerkt í veiði ofan flúða	20,0	20,0	20,0	10,0	6,0	5,4	31,1	28,9	39,0	20,0	20,0	20,0	20,0	20,0	20,0
Reiknuð heildarganga upp fyrir flúðir	545	385	649	802	813	723	1234	903	964	594	801	593	348	394	766
Ganga um flúðir utan teljara	109	77	130	80	49	39	384	261	376	119	160	119	70	79	153

Tafla 4. Aldurssamsetning stangveiddra laxa í Blöndu neðan Ennisflúða (I) 1996, lesið úr hreistri.

Ár í ánni	1 ár í sjó		2 ár í sjó		Samtals 1 og 2 ár	
	Hængar	Hrygnur	Hængar	Hrygnur	Fjöldi	%
2	1				1	2,5
3	5	1	4	15	25	62,5
4	2	1	4	7	14	35,0
5					0	0,0
Samtals	8	2	8	22	40	
%	20,0	5,0	20,0	55,0		
%	25,0		75,0			

Auk þess 3 fiskar úr hafbeit eða gönguseiðasleppingum

Tafla 5. Aldurssamsetning stangveiddra laxa í Svartá 1996, lesið úr hreistri.

Ár í ánni	1 ár í sjó		2 ár í sjó		Samtals 1 og 2 ár	
	Hængar	Hrygnur	Hængar	Hrygnur	Fjöldi	%
2	3				3	2,8
3	20	2	1	10	33	30,8
4	29	3	10	23	65	60,7
5	3		2	1	6	5,6
Samtals	55	5	13	34	107	
%	51,4	4,7	12,1	31,8		
%	56,1		43,9			

Auk þess 11 laxar úr gönguseiða- eða hafbeitarsleppingum

Tafla 6. Aldurssamsetning stangveiddra laxa í Blöndu og Svartá 1996, lesið úr hreistri. Aðeins náttúrlegur lax sem var að ganga í ána í fyrsta skipti.

Ár í ánni	1 ár í sjó		2 ár í sjó		Samtals 1 og 2 ár	
	Hængar	Hrygnur	Hængar	Hrygnur	Fjöldi	%
2	4	0	0	0	4	2,7
3	25	3	5	25	58	39,5
4	31	4	14	30	79	53,7
5	3	0	2	1	6	4,1
Samtals	63	7	21	56	147	
%	42,9	4,8	14,3	38,1		
%	47,6		52,4			

Tafla 7. Uppreiknuð aldurssamsetning laxa sem gengu í vatnakerfi Blöndu 1996, miðað við 1428 fiska náttúrulega laxagöngu. Skipting göngu eftir dvalartíma í sjó var fundin út frá gögnum úr teljara og veiði neðan Ennisflúða.

Ár í ánni	1 ár í sjó		2 ár í sjó		Samtals 1 og 2 ár	
	Hængar	Hrygnur	Hængar	Hrygnur	Fjöldi	%
2	36	0	0	0	36	2,5
3	223	53	47	243	566	39,6
4	277	70	132	291	770	53,9
5	27	0	19	10	56	3,9
Samtals	563	123	198	544	1428	
%	39,4	8,6	13,9	38,1		
%	48,0		52,0			

Tafla 8. Hlutdeild klakárganga í laxagöngu í Blöndu 1996.

Klakár	Fjöldi	Hlutdeild (%)
1993	36	2,5
1992	276	19,3
1991	637	44,6
1990	449	31,5
1989	29	2,0

Tafla 9. Fjöldi og hlutfall (%) smálax, stórlax og kynja hjá stangveiddum laxi í Blöndu neðan Ennisflúða 1996 (Smálax hefur dvalið 1 vetur í sjó, en stórlax 2 vetur).

	Hængar		Hrygnur		Samtals		Kynjaskipting (%)	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Hængar	Hrygnur
Smálax	96	59,6	66	22,5	162	35,7	59,3	40,7
Stórlax	65	40,4	227	77,5	292	64,3	22,3	77,7
Samtals	161	35,5	293	64,5	454			

Tafla 10. Fjöldi og hlutfall (%) smálax, stórlax og kynja hjá stangveiddum laxi í Blöndu í Langadal og Blöndudal 1996 (Smálax hefur dvalið 1 vetur í sjó, en stórlax 2 vetur).

	Hængar		Hrygnur		Samtals		Kynjaskipting (%)	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Hængar	Hrygnur
Smálax	72	80,0	6	10,7	78	53,4	92,3	7,7
Stórlax	18	20,0	50	89,3	68	46,6	26,5	73,5
Samtals	90	61,6	56	38,4	146			

Tafla 11. Fjöldi og hlutfall (%) smálax, stórlax og kynja hjá stangveiddum laxi í Svartá 1996 (Smálax hefur dvalið 1 vetur í sjó, en stórlax 2 vetur).

	Hængar		Hrygnur		Samtals		Kynjaskipting (%)	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Hængar	Hrygnur
Smálax	138	83,6	23	28,0	161	65,2	85,7	14,3
Stórlax	27	16,4	59	72,0	86	34,8	31,4	68,6
Samtals	165	66,8	82	33,2	247			

Tafla 12. Fjöldi og hlutfall (%) smálaxa og stórlaxa, skipt eftir kynjum, í heildarlaxagöngu (A) og náttúrulegrar göngu (B) í vatnakerfi Blöndu 1996 (Smálax hefur dvalið 1 vetur í sjó, en stórlax 2 vetur).

A.

	Hængar		Hrygnur		Samtals		Kynjaskipting (%)	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Hængar	Hrygnur
Smálax	606	75,2	137	19,8	743	49,6	81,6	18,4
Stórlax	200	24,8	554	80,2	754	50,4	26,5	73,5
Samtals	806	53,8	691	46,2	1497			

B.


	Hængar		Hrygnur		Samtals		Kynjaskipting (%)	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Hængar	Hrygnur
Smálax	563	74,1	123	18,4	686	48,1	82,1	17,9
Stórlax	197	25,9	544	81,6	741	51,9	26,6	73,4
Samtals	760	53,3	667	46,7	1427			


Tafla 13. Endurheimta laxa úr gönguseiðasleppingum.

Sleppistaður	Aldur seiða	Sleppiár	Fjöldi slept	Þar af örmerkt	Endur- heimtuár	Fjöldi endurheimt	Prósent endurheimt	Heildarfjöldi endurheimt	Prósent endurheimt
Blanda í Blöndudal	2	1993	3600	2502	1994	7	0,28	33	1,3
	-	-	-	-	1995	4	0,16	6	0,2
					1996	1	0,04	8	0,3
Alls					1994-96	12	0,48	47	1,9
Svartá	1	1994	8000	0	1995	*	*	225	2,8
					1996	*	*	13	0,1
Alls					1995-96			238	2,9
Svartá	1	1995	5000	3200	1996	2	0,04	25	0,4




Auk þess komu tveir merktir laxar úr Miðfjarðará, 1 lax úr Hofsa, Vopnafirði og 1 lax úr Laxá í Aðaldal. 1 lax úr sleppingu í Svartá 1995 kom fram í hafðarstöðinni í Lárósi.

Vatnasvið Blöndu og Svartár
og vötn á Auðkúlu-
og Eyvindarstaðaheiði









2. mynd. Stærðardreifing fisks sem gekk um teljara í Ennisflúðum í Blöndu sumarið 1996. Að baki hverri súlu er fjöldi fiska á 3 sm lengdarbilum og eru lengdarmerkingar við súlur miðja þeirra lengdarbila.






3. mynd. Göngutími stórlax (2 ár í sjó), smálax (1 ár í sjó) og bleikju í teljara í Ennisflúðum í Blöndu sumarið 1996.






4. mynd. Uppsöfnuð ganga smálax, stórlax og bleikju um teljara í Ennisflúðum í Blöndu sumarið 1996.




5. mynd. Lengd allra fiska sem gengu upp um teljara í Ennisflúðum sumarið 1996. Hver punktur táknar einn fisk.




6. mynd. Tími sólarhrings sem smálax, stórlax og bleikja gengu upp um teljara í Ennisflúðum í Blöndu sumarið 1996. Myndin sýnir hlutfall (%) fiska sem gengu á ákveðnum tímum sólarhrings af heildarfjölda fiska sem gengu um teljarann.




7. mynd. Skipting stangveiddra laxa í Blöndu neðan Ennisflúða (A), Blöndu í Langadal og Blöndudal (B) og Svartá (C) sumarið 1996, umreiknað sem hlutfall veitt á 7 daga tímabilum af heildarfjöldi. Lítil súlurit sýna fjölda veiddra laxa innan hvers mánaðar.



Mynd 8. Þyngdardreifing stangveiddra laxa í Blöndu neðan Ennisflúða (A), Blöndu í Langadal og Blöndudal (B) og Svartá (C) sumarið 1996.



Mynd 9. Þyngdardreifing kyngreindra stangveiddra laxa í Blöndu neðan Ennisflúða (A), Blöndu í Langadal og Blöndudal (B) og Svartá (C) sumarið 1996.



10. mynd. Sjóndýpi (rýni) í Blöndu sumarið 1996, mælt í við teljara í Ennisflúðum.